

A-saga

_____ átti afmæli á morgun og hún gat næstum ekki sofnað af því að hún hlakkaði svo mikið til. Hún var viss um að afmælisveislan yrði alveg ofsalega skemmtileg, og að hún myndi fá fleiri afmælisgjafir en nokkru sinni fyrr. Hún sofnaði samt að lokum – en meðan hún svaf gerðist svolítið hræðilegt: Vondi galdrakarlinn var svo afbrýðissamur yfir því að enginn hefði nokkru sinni haldið afmælisveislu fyrir hann, að hann ákvað að stela öllum afmælum og öllu sem þeim tengdist. Hann sveiflaði galdrasprotanum sínum, fór með galdrapulu, og á augabragði hurfu allar afmælisgjafirnar hennar _____, afmælis-kakan og allur undirbúningurinn fyrir afmælis-veisluna. En _____ var steinsofandi og tók ekki eftir neinu.

Daginn eftir þegar _____ vaknaði, mundi hún ekki eftir neinu afmæli. Það gerðu heldur ekki mamma hennar og pabbi eða neinn annar sem hún þekkti. Þetta var ósköp venjulegur dagur – þangað til um fjögurleytið þegar allt í einu var hringt dyrabjöllunni. _____ fór til dyra og var alveg forviða þegar hún opnaði – því að fyrir utan stóð api.

"Halló, _____! Ég heiti Aggi api! Til hamingju með afmælið!" sagði apinn hressilega og rétti henni pakka sem var grunsamlega líkur banana í laginu.

"Takk," sagði _____ kurteislega, þótt hún væri satt best að segja svolítið ringluð.

"En hvaða afmæli? Ég veit ekki einu sinni hvað afmæli er."

"Aha!" sagði Aggi api alvarlegur á svip. "Það var þá akkúrat eins og mig grunaði! Vondi galdrakarlinn hefur stolið öllum afmælunum! Komdu með mér! Við verðum að fara til hans og fá hann til að skila þeim aftur!"

Þau lögðu strax af stað, og á leiðinni útskýrði Aggi api fyrir _____ hvað afmæli væru. Hann sagði henni frá því, hvernig öll börn ættu afmæli einu sinni á ári, á deginum sem þau fæddust, og að þá ætti að halda veislu með alls konar góðgæti og gefa afmælisbarninu gjafir. Vondi galdrakarlinn hafði lagt alla í álög til að fá þá til að gleyma þessu – en hann hafði gleymt að leggja líka álögin á apa og önnur dýr, og þess vegna hafði Aggi api munað eftir afmælinu hennar _____, þótt allir aðrir, og meira að segja hún sjálf, hefðu gleymt því.

Þegar _____ og Aggi api voru búin að ganga lengi, lengi komu þau niður að sjó. Þau ætluðu að fara að ganga áfram eftir fjörunni, þegar _____ tók allt í einu eftir flösku sem hafði skolað upp á ströndina.

"Sjáðu Aggi, ætli þetta sé flöskupóstur?" sagði _____.

Hún greip flöskuna og tók úr henni tappann til að sjá hvort í henni væri bréf, en þá var allt í einu var eins og það streymdi úr henni mikill vindur. Fyrr en varði stóð fyrir framan hana andi eins og í ævintýrunum.

"Ahh," sagði andinn og teygði sig. "Það var

afskaplega gott að sleppa út úr flöskunni! Þakka þér kærlega fyrir að frelsa mig! Mig langar til að veita þér eina ósk að launum!"

_____ hugsaði sig um. Svo sagði hún: "Ég óska þess að finna leið til að fá vonda galdrakarlinn til að skila öllum afmælunum!"

"Þetta var góð ósk hjá þér!" sagði andinn. Hann rétti henni lítinn flauelspoka. "Þessi galdrapoki getur hjálpað þér. Þú getur tekið upp úr honum allt það, sem þú þarft mest á að halda."

Svo smellti hann með fingrunum, og allt í einu stóðu _____ og Aggi api fyrir utan kastala galdrakarlsins!

_____ bankaði á kastala-hurðina, og galdrakarlinn kom til dyra.

"Hvað viljið þið?" spurði hann hryssingslega. "Sjáið þið ekki að ég er upptekinn?"

"Ég heiti _____," sagði _____, "og þetta er hann Aggi api. Þú ert búinn að stela afmælunum og öllu afmælisdótinu! Við viljum að þú skilir því aftur!"

"Ha, ha!" hló galdrakarlinn illgirnilega. "Svo að þú hefur komist að því. Allt í lagi – ég skal skila afmælunum. En ekki fyrr en þú ert búin að leysa fyrir mig eina þraut. Þú þarft að láta mig fá 10 hluti sem byrja á A – og það verður að vera núna strax! Ég nenni ekki að bíða!"

_____ brosti og tók fram galdrapokann, sem andinn hafði gefið henni. Hún rétti höndina niður í hann og dró fram...

[Barnið tekur 10 hluti sem hefjast á A upp úr pokanum einn af öðrum, og leggur þá í röð á gólfid framan við kastalann].

... Nú var galdrakarlinn búinn að fá alla hlutina tíu, og hann var orðinn svolítið pirraður yfir því hvað þetta hafði verið auðveld þraut fyrir hana _____. "Allt í lagi þá," sagði hann. "Þú ert búin að leysa þrautina. En ég nenni ekki að sækja allt afmælisdótið inni í geymslu. Þú verður að sjá um það sjálf." Svo opnaði hann fyrir hana geymsluna, en fór sjálfur inn í kastalann án þess einu sinni að kveðja.

Og hvað var það sem _____ og Aggi api fundu í geymslu galdrakarlsins?

[Á kastalanum eru 10 spjöld með mynd af einhverju sem hefist á "afmæli-", t.d. afmælisterta, afmælistkort o.s.frv. Barnið tekur þau og segir hvað er á hverri mynd].

Nú gátu _____ og Aggi api haldið heim á leið. Það var orðið kvöld þegar þau komu loksins heim til _____, en afmælisveislan hennar hófst um leið og hún gekk inn um dyrnar. Allir vinir hennar og ættingjar voru í veislunni, og hún fékk margar og góðar gjafir. En besta gjöfin var að hún hafði eignast nýjan vin – hann Agga apa.